

# Leikskólinn Akrar

Ársskýrsla skólaárið 2015-2016



Ragnhildur Gunnlaugsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir

## Efnisyfirlit

|                                                           |   |
|-----------------------------------------------------------|---|
| Efnisyfirlit .....                                        | 1 |
| Inngangur .....                                           | 2 |
| Námsskrá leikskólans .....                                | 2 |
| Uppbyggingastefnan .....                                  | 2 |
| Mat á skólaárinu 2015-2016 .....                          | 2 |
| Matsaðferðin .....                                        | 2 |
| Það sem var metið .....                                   | 3 |
| Uppbyggingastefnan/sáttmálagerð .....                     | 3 |
| Útivera .....                                             | 3 |
| Samvera/sögustundir .....                                 | 4 |
| Vettvangsferðir .....                                     | 4 |
| Ferilmöppur .....                                         | 4 |
| Lýðræði .....                                             | 4 |
| Markviss málörvun/lesmáli .....                           | 5 |
| Vináttu verkefni .....                                    | 5 |
| Facebook .....                                            | 5 |
| Hvernig gengur nýju fólki að aðlagast .....               | 6 |
| Deila ábyrgð og verkefnum milli starfsmanna á deild ..... | 6 |
| Samvinna milli deilda .....                               | 6 |
| Mat barnanna .....                                        | 6 |
| Barnahópurinn .....                                       | 7 |
| Starfsmannahópurinn .....                                 | 7 |
| Stefna í starfsmannamálum .....                           | 7 |
| Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2015-2016 .....        | 8 |
| Húsnæði og viðhald .....                                  | 9 |

## Inngangur

Þetta er ársskýrsla fyrir skólaárið 2015 – 2016. Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri gefa út sérstaka starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfi komandi skólaárs. Þessi ársskýrsla er unnin eftir mati starfsmanna á starfi leikskólans, starfsáætlunin er það plagg sem er haft að leiðarljósi í mati starfsins.

## Námsskrá leikskólans

Á grunni aðalnámskrár eiga allir leikskólar að móta sína eigin skólanámskrá sem foreldraráð les yfir áður en nefnd á vegum sveitarfélagsins staðfestir hana. Í mars 2014 þá samþykkti leikskólanefnd Garðabæjar skólanámskránnar okkar á Ökrum og er hún sýnileg á heimasíðunni. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega og er hún unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra.

## Uppbyggingastefnan

Á Ökrum er unnið eftir Uppbyggingastefnunni (Uppeldi til ábyrgðar). Uppbyggingastefnan snýst að mestu um samskipti, ef samskipti eru góð og gefandi þá má byggja á þeim árangursríkt nám. Þetta er aðferð við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum. Markmiðið er að þjálfa börn í að vera þau sem þau vilja vera út frá eigin sannfæringu en ekki bara að geðjast öðrum.

## Mat á skólaárinu 2015-2016

### Matsaðferðin

Markmið mats á gæðum í leikskóla samkvæmt lögum (nr. 90/2008) er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.



Eftir innra mat skulu liggja fyrir tillögur um umbætur og hvernig skuli innleiða þær. Í janúar og maí er farið í endurmat og þá skoðum við þau atriði sem stjórnendur settu á starfsáætlun

leikskólans um haustið. Við vinnum matið á starfsmannafundum, starfsmenn hverra deilda fyrir sig vinna með atriðin í sameiningu síðan koma allir saman inn í sal og þar eru helstu niðurstöður kynntar og eftir kynningar eru niðurstöður ræddar og fundin sameiginleg leið til að gera betur. Í vor fengu starfsmenn rafræna könnun í netpósti sem Leikskólapúlsinn sá um. Farið var yfir niðurstöður þeirra á fundi og rætt hvað er gott og hvað má bæta og reynt að finna lausnir á því.

## Það sem var metið

### Uppbyggingastefnan/sáttmálagerð

Hvernig gengur okkur að gera sáttmála með börnunum, eru allar deildar búnar að gera sáttmála? Fá öll börn að vera þátttakendur í gerð hans?

Þetta var sú spurning sem við lögðum upp með. Tvær deildanna náðu að gera sáttmálann að hausti og voru börnin virkir þátttakendur í þeirri gerð. Það var smá óöryggi hjá sumu starfsfólki hvernig ætti að snúa sér í þessu þannig á tveimur deildum var farið seinna í sáttmálagerð. Næsta skólaár ætlum við að hafa smá upprifjun hvernig gott er að gera sáttmála með börnum.



### Útivera

Hvernig gengur í útiveru eftir að við breyttum planinu og erum bara með 2 svæði? Þurfum við kannski að hafa mismunandi plan eftir því hvort það er vetur eða sumar eða fyrir hádegi og eftir hádegi?

Við erum með útiveru tvisvar á dag og erum við með plan yfir útisvæði þannig það eru starfsmenn á öllum svæðum. Í haust gerðum við smá breytingu á planinu og langaði okkur að vita hvernig gengi með nýja planið. Það voru allir sammála því að það væri betra að starfsmenn á yngri deildum væru vestan megin á útisvæði og starfsmenn eldri deila væru austar megin á útisvæði. Þá eru starfsmenn nær sínum deildum og fljótari að aðstoða börnin. Fyrst á meðan börnin eru að aðlagast þá halda þau sig meira sín megin á útisvæði. En þegar líður á veturinn er hægt að breyta planinu aftur þannig allar deildir skipta svæðunum fjórum vikulega á milli sín. Það eru fleiri starfsmenn með yngri börnunum úti þannig að á veturna þegar meirihluti

barna eru að renna sér í brekkunni þá þarf hluti þeirra starfsmanna að vakta brekkuna líka. Allir voru sammála því að þegar skilað er úti á vorin þá væri einnig gott að hafa sama plan og fyrst á haustin.



## Samvera/sögustundir

Hvernig gengur í samvera? Er hópnum skipt niður er sungið eða sagðar sögur? Er verið að nota Orðaspjall?

Í leikskólanum erum við með þrjár samverustundir yfir allan daginn og eru þær mismunandi uppbyggðar. Yfirleitt er barnahópnum skipt niður í tvo hópa, nema í hádegis samveru, og eru sagðar sögur, orðaspjall, farið með þulur og kvæði, sungið og margt fleira. Í hádegis samverunni er hópinn allur saman og þar er yfirleitt sungið og á eldri deildum fá börnin að koma með atriði sjálf þá annað hvort söng eða brandara.

## Vettvangsferðir

Er verið að fara í vettvangsferðir þá bæði lengri og styttri? Er verið að fara með litla hópa út fyrir á fótboltavöll eða bara í gönguferðir?

Allar deildar fara í vettvangsferðir en það er meira um það á vorin þar sem veðir er gott og börnin eru orðin eldri. Það eru vissar ferðir sem eru orðnar fastur árlegur viðburður eins og t.d. Árbæjarsafn, Þjóðminjasafn, Þjóðleikhúsið og Sinfónían. Svo eru það vettvangsferðir í nær samfélaginu t.d. bókasafn, fótboltavellir og rólóvellir sem eru í hverfunum í kring. Veðráttan og færð síðasta vetur var ekki góð þannig það var ekki mikið farið yfir veturinn en okkur finnst við alltaf geta bætt okkur í þessu.



## Ferilmöppur

Hvernig gengur að halda utan um ferilmöppur barnanna?

Öll börn á Ökrum eru með ferilmöppur. Í ferilmöppur fara handa- og fótatar, sjálfsmyndir, fjölskyldumyndir, spurningalistar og margt fleira. Það gengur misvel eftir starfsfólki og deildum að fylgja þessu eftir þannig á hverju hausti verður farið yfir hvaða starfsmenn bera ábyrgð á hvaða börnum. Á öllum deildum er viðburðardagatal og þar er skráð hvað á að gera í ferilmöppu í hverju mánuði og er gott fyrir starfsmenn að fylgja því.

## Lýðræði

Lýðræði: Hver er þáttur barnanna í starfi t.d. í vali, samveru, útiveru....

Þegar við förum að skoða lýðræði hjá okkur þá sáum við að við gerum margt lýðræðislegt en það er alltaf hægt að bæta sig. Valið getur verið mjög lýðræðislegt ef við leyfum börnunum að vera með okkur að setja það upp eða að þau setja það upp sjálf. Börnin á Ökrum fara alltaf einu sinni út og þau fá val um að fara aftur ef þau vilja. Í vetur ætlum við að hafa þá nýbreytni að hver deild

fær að velja mat einu sinni í mánuði. Þá verður það þannig að í lok hvers mánaðar þá verður kosning, inn á þeirri deild sem er að velja, um fimm hugmyndir að hádegismat.

### Markviss málörvun/lesmáli

Hvað erum við að gera í málörvun, erum við með markvissar stundir?

Málörvun fer fram á öllum tíma dagsins hvort sem við erum í matar- eða kaffitíma, í fataklefanum eða í leik. Í samveru er farið í rím, þulur, klappa atkvæði, orðaspjall og margt fleira. Við erum með ritmálið sýnilegt ásamt því að stafrófið er upp á vegg á öllum deildum. Á eldri deildum er farið í markvissa málörvun 1-2 á viku. Það var tekin sú ákvörðun að endurskoða efnið sem var notað síðustu tvo vetur þar sem mikið var af endurtekningum. Einnig var tímasetning á því hvenær markvissa málörvunin var yfir daginn breytt.

### Vináttu verkefni



Vináttuverkefnið: Hvernig gengur og hvernig sjáum við framhaldið?

Vináttuverkefnið er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti þar sem bangsinn Blær er táknmynd vináttunar í verkefninu. Það er einn stór bangsi sem deildin á og svo fá börnin öll einn lítinn bangsa sem er í þeirra eign og fer með þeim heim í lok

leikskólagöngu.

Við gerðum smá mat á stöðu Vináttuverkefnisins hjá okkur. Verkefnið er komið af stað á öllum deildum en það er ekki komið markvisst inn í starfið og var það einn af þeim punktum sem allar deildir vildu laga fyrir næsta haust. Börnin eru almennt glöð með bangsana sína en fengu kennara á elstu deildinni strax á tilfinninguna að börnunum þætti Blær of barnalegur og því drógum þeir úr heimsóknum hans. Þó þær drógu úr heimsóknum bangsanna þá voru þær að nýta sér ýmsan efnið úr töskunni eins og t.d. nuddbókin og klípusögurnar og fannst þeim það ganga mjög vel. Á yngri deildum voru börnin mjög ánægð að fá bangsana í heimsókn og hafa þeir komið í nokkrar samveru ásamt því að kennarar hafa nýtt sér nuddið og aðeins kíkt á klípusögur.

### Facebook

Hvernig hafa undirtektir verið hjá bæði foreldrum og starfsfólki er varðar facebook?

Mikil ánægja er með facebook bæði hjá starfsfólki og foreldrum. Það er auðveldara að setja inn myndir og tilkynningar og samskiptin eru meira gagnvirk þar sem foreldrar sýna strax svörun. Það eina sem þarf að passa er að setja áriðandi tilkynningar líka með e-mail ef einhverjir eru ekki með facebook.

### Hvernig gengur nýju fólki að aðlagast

Hvernig gengur okkur að taka á móti nýju fólki og aðstoða það þegar það byrjar að vinna hjá okkur? Hvað gerum við vel og hvað má betur fara?

Almennt er vel tekið á móti nýju starfsfólki en okkur finnst við alltaf geta bætt okkur. Á fyrsta degi er fundur með nýja starfsfólkinu þar sem farið er yfir helstu áherslur í leikskólanum og þeim er sýndur leikskólinn. Þar gefst einnig tækifæri að spyrja spurninga og oft myndast góð umræða. Starfið í leikskóla er þannig að þegar nýtt starfsfólk byrjar þá fer það strax að vinna á fulla inn á deildinni. Það væri mjög gott ef nýtt starfsfólk gæti verið með vönum starfsmanni í sirka 2-3 daga fyrst til að sjá hvað felst í starfinu. Við erum með starfsmannahandbók sem nýju starfsfólki er bent á að lesa því í henni eru helstu verkferlar í leikskólanum.

### Deila ábyrgð og verkefnum milli starfsmanna á deild

Hvernig hefur gengið að deila ábyrgð og verkefnum milli starfsmanna á deild?

Það gengur almennt mjög vel að deila ábyrgð og verkefnum á milli starfsmanna. Það eru allar deildir með dagskipulag sem er gott að fara eftir og ef dagurinn er þannig að breyta þarf út frá skipulagi gengur það yfirleitt vel. Hver starfsmaður er svo með hlutverk fyrir deildina t.d. gera afmæliskort, sjá um bókaorm og umsjónamann o.s.frv.

### Samvinna milli deilda

Hvernig gengur samvinnan milli deilda almennt?

Samvinna milli deilda gengur mjög vel og finnst fólki samvinnan efla starfsandan. Fólk fer á milli deilda ef þess þarf og hjálpast að í hádegis og kaffitímum. Einnig er leikföngum skipt á milli deilda til að auka fjölbreytileikan í leik.

### Mat barnanna

Í ár vorum við með rýnihóp elstu barna þar sem níu börn komu saman ásamt kennara og var rætt um nokkra hluti sem tengjast starfi og líðan. Almennt sögðu börnin að þeim liði vel og þau væru glöð. Börnin voru spurð hvernig þeim liði í samveru og hvort það væri eitthvað sem þau vildu hafa öðruvísi. Flestum fannst gaman í samveru en það voru þremur sem fannst leiðinlegt og voru til í breytingar. Hugmyndirnar sem þau komu með var að horfa á sjónvarp eða hafa bíó upp á vegg og fá jafnvel popp og kók. Börnunum fannst gaman í hópastarfi en samt sundum erfitt. Þeim fannst skemmtilegt að klippa og líma og að föndra almennt. Einnig minntust börnin á að gaman væri að



rannsaka merkilegt sem þau hafa fundið úti og það var líka eitt af því sem þeim fannst skemmtilegast að gera úti, að rannsaka eitraða sveppi og pöddur. Þeim finnst gaman að því að róla, hjóla, vera í fótbolta og gera leiki með fallhlífinni. Það var misjafnt sem þeim fannst leiðinlegt að gera í leikskólanum t.d. löggó og bófó, eltingaleik, fótbolta en svo voru það hlutir eins og taka til, labba lengi í bænum og leita af vini sem við ræddum aðeins meira.

Þetta var skemmtilegur hópur af börnum og áttum við langt og skemmtilegt spjall saman. Það er alltaf gaman að sjá hlutina með augum barnanna og átta sig á því að þau geta séð heimin með allt öðruvísi augum en við.

### Barnahópurinn

Í leikskólanum eru fjórar deildir og eru 25 börn á hverri deild. Haustið 2015 aðlöguðum við 13 börn, 11 fóru á Móa, 1 á Lyng og 1 á Engi. Fyrsta desember 2015 voru 100 börn á leikskólanum.

Það voru 43 börn fædd 2010

Það voru 29 börn fædd 2011

Það voru 16 börn fædd 2012

Það var 11 börn fædd 2013



### Starfsmannahópurinn

Í desember 2015 voru 32 starfsmenn í leikskólanum í 25 stöðugildum. Þar af voru 6 leikskólakennarar, 1 þroskaþjálfari, 4 háskólamenntaðir starfsmenn, 18 leiðbeinendur, 1 matráður og 2 aðstoð í eldhúsi.

### Stefna í starfsmannamálum

Vel hefur tekist hjá okkur að byggja upp góðan starfsanda þar sem allir eru í sama liði og hjálpast að. Við horfum á leikskólann sem eina heild á morgnanna klukkan 7:30-9:00 og seinnipart klukkan 16:00-17:00. Á hverjum morgni klukkan 9:00 eru fundir þar sem einn starfsmaður af hverri deild kemur ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og farið er yfir stöðuna í húsinu, eru einhver veikindi á börnum og starfsmönnum og hvernig við hjálpumst að við að leysa daginn.

Í mati okkar á starfsmannamálum skoðuðum við samvinnu milli deilda og hvernig gengi að deila verkefnum milli starfsmanna á deildum og kom þetta tvennt mjög vel út hjá okkur.

## Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2015-2016

### 2. september 2015 Starfsmannafundur 17:00-19:00

- Óvænt uppákoma
- Almennur fundur inn í sal.
- Deildarfundir

### 11. september 2015 Skipulagsdagur 8:15-16:15

- Morgunverðafundur – létt spjall.
- Deildarfundir.
- Skyndihjálparnámskeið.

### 8. október 2015 Starfsmannafundur 17:00-20:00

- Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leikskóla og barnaverndarnefnda.
- Uppbyggingastefnan – Hvernig gengur að tileinka okkur stefnuna? Hvar erum við stödd?
- Deildarfundir.

### 28. október 2015 Skipulagsdagur 8:15-16:15

- Almennur fundur í sal
- Orðaspjall
- Námsögur
- Uppbyggingastefnan - Sáttmálagerð
- Námskrágerð inn á hverri deild.

### 3. nóvember 2015 Starfsmannafundur 17:00-19:00

- Jólaundirbúningur inn á deildum

### 2. janúar 2016 Skipulagsdagur 8:30-12:30

- Almennur fundur inn í sal
- Deildarfundir og tiltekt

### 18. janúar 2016 Starfsmannafundur 17:00 – 20:00

- Endurmat á haustönn

### 16. febrúar 2016 Starfsmannafundur 17:00 – 19:00

- Vináttuverkefnið – Vináttuverkefnið var kynnt fyrir öllum starfsmönnum og svo var farið í hópavinnu út frá verkefninu.

30. mars 2016 Starfsmannafundur 17:00 – 20:00

- Hvernig laða ég fram mitt allra besta: Bjartur Guðmundsson – Tilfinningarstjórnæki

14. apríl 2016 Starfsmannafundur 17:00-19:00

- Starfsmannakönnun kynnt og rædd
- Trúnaðarmenn kynntir og þeir segja frá sínum störfum

17. maí 2016 Skipulagsdagur 8:15 – 16:15

- Velferðarteymi með kynningu
- Endurmat vorannar
- Farið yfir sumarstarfið
- Deildarfundir

## Húsnæði og viðhald

Akrar er bjartur og opin leikskóli með stórum og góðum sal í miðjunni. Við erum með góð rými fyrir framan deildirnar þar sem morgunmatur og hádegismatur er borðaður. Þar er einnig gott rými fyrir litla barnahópa í leik. Á Engi og Mýri er sameiginlegt val á morgnanna og þá er þetta fremra svæði vel nýtt en á Móa og Lyngi er svæðið meira nýtt til vinnu með smærri hópum. Á hverjum degi fara öll börnin út og fer helmingur allra barna út fyrir hádegi og hinn helmingurinn eftir hádegi. Með þessu erum við að skap meiri rými inni og úti fyrir bæði börn og starfsmenn.



Það hefur ekki verið mikið um viðhald hjá okkur þetta skólaárið en í sumar voru deildarnar Lyng og Mói málaðar. Það voru settar upp hillur og snagar fyrir sögupokana og kemur það mjög vel út. Útisvæði hjá okkur er búið að sitja á hakanum þannig það er margt sem þarf að laga þar. Þau tré sem voru gróðursett meðfram girðingu eru að mestu dauð. Það vantar svæði fyrir börnin til að drullumalla en þau eru ráðagóð og ná sér í drullu þar sem þau finna hana. Á þessu fær hollin og beðin að finna fyrir og því lítur lóðin svolítið út eins og risa kanínur hafi komist í hana. Við erum með stóran pall á útisvæðinu og því miður hafa börnin verið að fá flísar af honum og í sumum tilfellum höfum við þurft að fjarlægja margar flísar úr sama barninu. Það eru nokkur atriði sem þarf að koma og skoða og laga hjá okkur á Ökrum og vonum við að það verða gerðar bætur á þessu næsta skólaár.